

## Jón Magnússon, skáld.

Hjer í baenum er ungu maður  
er sömu iðn stundar og Sigurður  
Breiðfjörð, og mjög er þess verð-  
ur að skáldgáfu hans sjeð veitt eft-  
irtekt. Hefi jeg ekki sjeð hans  
getið á prenti, nema í eitt skifti,  
í „Vísi“ og þá á mjög ófullnægj-  
andi hátt. En það er óhatt að  
telja Jón Magnússon einn af  
mestu efnismönnum línnar yngstu  
skáldakynslöðar. Vildi jeg þess  
óskra honum að afikjör hans yrði  
sem ólíkust þeim, er Sigurður  
Breiðfjörð átti við að búa, enda  
hygg jeg að svo muni verða, hví  
að góðir tímar eru í  
cinnig fyrir andans menn. Þegar  
tekst að komast út úr þeirri nokk-  
uð húskalegu, röst, sem nú er ver-  
ið í.

Helgi Pjeturss.

Mel. 21 febr 1925